

AUGLÝSING

84

25. ágúst

um

staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Gerðahrepp í
Gullbringusýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26, frá 8. september 1931, um breyting á lögum
nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð
staðfest eftirrituð

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir

Gerðahrepp í Gullbringusýslu.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á alfaravegi eða annarsstaðar, þar sem almenningur fer um í hreppn-
um, má ekki hafa í frammi neinn hávaða eða óstjórnlegt og móðgandi hátt-
lag, sem raskar friði og allsherjarreglu, eða ónáðar á einhvern hátt þá, sem um
fara eða í nánd búa.

2. gr.

Enginn má að ástæðulausu berja á dyr, glugga eða utan húsveggi, eða að-
hafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

II. KAFLI.

Ákvæði um að gera umferðina greiðari.

3. gr.

Á almannafæri má enginn leggja, hengja upp né setja neitt, sem tálmar
umferð manna, og getur orðið hættulegt akandi, ríðandi eða gangandi mönnum.

4. gr.

Hjólreiðarmenn skulu fara gætilega um götur hreppsins, svo og þeir, er
aka bifreiðum. Skulu þeir ætíð hafa bjöllu eða lúðra á farartækjum sínum, og
gæta þess að gera ætíð aðvart í tæka tíð þeim, sem á undan fara, og ætíð hringja

- 84 eða blása í lúður áður en þeir fara fyrir götuhorn eða fram hjá dyrum, er nærri
25. ágúst liggja götu. Ennfremur er þeim skylt að hafa lugtir á slíkum farartækjum, og kveikja á þeim, ef þeir eru á ferð, frá því að fer að skyggja á kvöldin, og þar til orðið er hjart að morgni.

III. KAFLI.

Um friðun almenningseigna.

5. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka eða á annan hátt spilla eignum hreppsins, hvort heldur það eru vegir, vatnsból manna, byggingar eða annað, sem ætlað er til almenningsnota.

6. gr.

Enginn má skrifa, rispa, mála né tjarga á hús manna eða girðingar neitt það er hneyksli veldur, skemmdum eða óprýði á húsum manna eða mannvirkjum.

Óviðkomandi mönnum er bönnuð öll umferð um ræktuð lönd hreppsins annarsstaðar en þar sem vegir liggja, nema með leyfi landráðanda. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

7. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, egg veiði fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

IV. KAFLI.

Um fjallskil og ágang búpenings.

8. gr.

Sauðfjár- og hrossaeigendur í hreppnum skulu á vori hverju koma sauðfénaði og ónauðsynlegum hrossum burt úr landi hreppsins, til hagbeitar á af-rétt eða annarsstaðar, nema þeir geti gætt fénaðar síns í fjárheldum eða grip-heldum girðingum. Hross skulu rekin fyrir 20. maí, geldfé fyrir fardaga, ær fyrir 1. júlí. Nauðsynleg brúkunarhross mega þó vera utan girðingar.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, hrossa, ann-ara gripa og alifugla að ekki gangi og valdi skemmdum á túnnum og matjurtagörðum hreppsbúa.

9. gr.

Ef sauðkindur eða hross koma í tún eða matjurtagarða hreppsbúa, frá sumarmálum til veturnótt, eftir að samþykkt þessi hefir náð staðfestingu dóms-

málaráðuneytisins, er þeim, er fyrir áganginum verður heimilt að kyrrsetja fénaðinn. Skal það tilkynnt, svo fljótt sem við verður komið, eiganda eða umráðamanni fénaðarins, er þá getur hirt hann gegn því að greiða kr. 1,00 fyrir hverja sauðkind og kr. 3,00 fyrir hvert hross.

Hafi eigandi eða umráðamaður ekki hirt eða hirða látið hina kyrrsettu gripi innan tveggja sólarhringa frá því hann fékk tilkynningu um töku þeirra, má láta selja gripina á opinberu uppboði til greiðslu á skaðabótum og kostnaði.

10. gr.

Eigendur þess sauðfénaðar og þeirra hrossa, sem rekið er á fjall eða afrétt, skulu sjálfir annast nauðsynleg fjallskil. Vanræki eigendur þetta, er hreppsnefnd heimilt að láta gera það á kostnað þeirra.

V. KAFLI.

Veitingastaðir, samkomuhús og skemmtanir.

11. gr.

Veitingasölu og samkomur má aðeins reka í þeim húsum, sem eru vel til þess hæf, að dómi héraðslæknis, svo sem að loftræsting sé í góðu lagi og önnur heilbrigðisskilyrði, að til séu nægileg salerni, er gestum sé heimill gangur að til nota, og þau séu auðveld til þrífnaðarviðhalds.

12. gr.

Á veitingastöðum og almennum samkomum má enginn hafa í frammi óróa, háreysti eða áflog er valdið geta ónæði eða spillt ánægju og skemmtun á samkomum. Eigi má sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa hættuspil um hönd.

13. gr.

Vilji einstaklingar eða félag hafa almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleik, söngskemmtun, íþróttasýning, myndasýning o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða hafi aðgang að, og eigi að selja aðgang eða hafa veitingar á staðnum, skal leita leyfis til þess hjá hreppstjóra, er þá ákveður gjald fyrir leyfið lögum samkvæmt.

Sé samkomunni ætlað að standa fram á nótt (milli 23 og 6), skal hreppstjóri því aðeins veita leyfið, að hann treysti umsækjanda til að gæta í öllu góðrar reglu og velsæmis á samkomunni, enda hafi umsækjandi, á sinn kostnað, tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit í þessu efni allan samkomutímann.

Lokið skal aðgangsölu og samkomuhúsinu lokað eigi seinna en kl. 12 á miðnætti, en hreppstjóri getur leyft að veitingasala til samkomugesta fari fram meðan samkoman stendur.

84
25. ágúst

Börnum innan fermingaraldurs er ekki leyfilegt að vera á almennum samkomum eftir kl. 12 á miðnætti. Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglu eða velsæmi, er hreppstjóra heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru háðar þessum sömu reglum, að svo miklu leyti, sem þeim verður viðkomið.

VI. KAFLI.

Um þrifnað og heilbrigði.

14. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður að slátrun lokinni.

15. gr.

Stampa, opnar tunnur, fót eða önnur ílát með lifur, grút, slori eða þvílíku má ekki láta standa á almannafæri, né nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

16. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefir verið þvegið úr á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það er óþrifnaði veldur.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi helt þann veg, að runnið geti að þeim.

For, slor og annað þvílíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi í hreppnum, og skal sá er á eða sá sem flytur, hreinsa upp ef niður á götuna fer.

VII. KAFLI.

Um tryggingu fyrir hættum.

17. gr.

Vatnsból skul vera svo vel byggð eða svo traustlega, að engum, hvorki mönnum né skepnum stafi hætta af þeim.

18. gr.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar svo engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

VIII. KAFLI.

84

25. ágúst

Lögtaksréttur og hegningarákvæði.

19. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 500,00, nema þyngri refsing liggi við. Sektir renna í sveitarsjóð Gerðahrepps.

20. gr.

Með mál út af samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál. Samþykkt þessi öðlast gildi 15. september 1932.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 25. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

85

1. sept.

um

kosningu alþingismanns fyrir Reykjavík.

Þar sem alþingismaður Einar Arnórsson hefir verið skipaður dómari í Hæstarétti, og hefir þess vegna misst kjörgengi til Alþingis, er nú orðið autt sæti eins alþingismanns fyrir Reykjavík.

Fyrir því er hérmeð, samkvæmt 53. gr. laga nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis, skipað svo fyrir, að kosning skuli fara fram laugardaginn 22. október 1932 á einum alþingismanni fyrir Reykjavík í stað hins fráfarna þingmanns.

Þetta er hér með birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosning þessa, og sjá um, að hún fari fram lögu samkvæmt.

Í dómsmálaráðuneytinu, 1. september 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.